

Ed.

249. Nefndarállt

um frumvarp til laga um vitabyggingar.

Frá samgöngumálanefnd.

Mál þetta hefir verið rækilega athugað og undirbúið af vitamálastjórninni. Skipstjórafrjfelagið Aldan hefir og látið uppi álit sitt um það. Alþingi fjallaði nokkuð um það 1917, og loks hefir hv. Nd. haft það til meðferðar í vetur. Það má því segja, að málið sje þegar grandgæfilega athugað.

Nefndin fellst á þá meginstefnu frumvarpsins að ákveða nú þegar með lögum, hverja vita eigi að byggja og hverjar þokulúðurstöðvar á næstu 10—20 árum, og að það sje falið ríkisstjórninni að setja sjómerki eftir þörfum, að sjálf-sögðu með ráði vitamálastjóra, og enn að breyta eldri vitum. Nefndin hefir engar athugasemdir að gera við efni frumvarpsins í þessum atriðum. Leggur hún því til, að frumvarpið verði samþykkt að þessu leyti.

Hitt telur nefndin mjög varhugavert að leggja nú út í stórvægilegar og kostnaðarsamar vitabyggingar, vegna örðugs hags ríkissjóðs sem stendur, og treystir sjer því eigi til að mæla með því, að ríkisstjórninni sje veitt heimild til að taka stórlán til þessara framkvæmda, að minsta kosti um 2 miljónir króna, jafnvel þótt gert sje ráð fyrir, að framkvæmdirnar taki ein 12—16 ár og lánið verði tekið smátt og smátt.

Nefndinni er að vísu ljóst, að mál þetta er mikið nauðsynjamál, og vonar því, að ekki þurfi að liða á mjög löngu, þangað til hægt er að framkvæma það alt, er frumvarpið hefir fyrir augum. Nefndin byggir á því, að í fjárlögunum verði árlega veitt svo mikið til vitanna, sem fjárhagurinn leyfir.

Samkvæmt þessu ræður nefndin hv. deild að samþykkja frumvarpið með þessum

BREYTINGUM:

1. Við 1. gr. 1. málsg.

Málgreinin orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að láta byggja vita þá, er um ræðir í 2. gr., eftir því sem vinnukraftur sá, sem vitamálastjórnin hefir á að skipa, og önnur atvik og ástæður leyfa.

2. Við 1. gr. 2. málsg.

Í stað »Þá er og« komi: Enn fremur er.

3. Við 1. gr. 4. málsg.

Í stað »framkvæma« komi: gera.

4. Við 2. gr.
Upphaf greinarinnar orðist svo:
Heimildin í 1. gr. 1. málgr. nær til vita þeirra, er hjer greinir.
5. Við 2. gr. B. 34.
Í stað »Reykjarfjörð« komi: Reyðarfjörð.
6. Við 3. gr.
Greinin falli burt.
7. Við 5. gr.
Greinin orðist svo:
Lög þessi koma til framkvæmda jafnótt sem fje er veitt þar til i fjár-
lögum eða lánsheimild gefin með lögum.

Alþingi, 28. mars 1923.

Jón Magnússon,
form. og framsm.

Guðm. Guðfinnsson,
fundaskrifari.

Hjörtur Snorrason. Sigurður H. Kvaran. Einar Árnason.